

Grískra menningin og kristindómurinn.

Eftir T. B. JEVONS.

(Þýtt úr The Harvard Theological Review 1908).

(Niðurl.). Gyðingdómurinn hafði einnig, líkt og Miþratrúin, en þó borinn af öðrum öflum, borist út um grískra heiminn. En það voru Gyðingar, sem bjuggu utan Gyðingalands, ekki þeir sem bjuggu í heimalandinu, sem urðu fyrir áhrifum grísku menningarinnar. Og áhrifin, sem Gyðingar, er bjuggu utan heimalandsins urðu fyrir, eru augsýnileg og ómótmælanleg: eigi að eins mæltu þeir á grískra tungu, heldur gátu alls ekki skilið sínar eigin ritningar nema í grískum þýðingum. Að nokkrum leyti, þó í takmörkuðum skilningi væri, vann grískur hugsunarháttur bug á þjóðareinræni þeirra. Fíló er eftirtektavert og einstakt sýnishorn áhrifaða, sem grísk heimspeki hafði á Gyðinga utan heimalandsins. Áhrif grísku menningarinnar á Gyðingana voru aldrei mikil, en áhrif þeirra á hana voru svo smá, að þau verða varla talin. Þeir veittu viðtöku trúskiftingum, sem komu til þeirra. En sæðið, sem á að vaxa í jörðunni, sem því er sáð í, verður að opnast til þess að það geti vaxið. En Gyðingdómurinn var orðinn alt of fastur í sínum gömlu skorðum til að geta þroskast þannig; vaninn hafði einskorðað hann svo að allur þroski var ómögulegur. Hvað er það sem einkennir Gyðingdóminn á síðari tímum? "Er það ekki", segir Bousset, "trúarbragðasíðirnir — umiskurn, viðhald laugardagshelginnar, tíundir, óbeit á blönduðum hjónaböndum, lög um fæðu, fyriskipanir um hreinsanir, en ekki fórnfæringer og tilbeiðsla í musterunum? Alstaðar í heiminum þekkist Gyðingurinn af þessu".

Ef það var ómögulegt fyrir Gyðingana utan Gyðingalands að tileinka sér nema smáraði af grísku menningunni vegna þjóðareinrænis síns, þá voru Gyðingarnir í heimalandinu alveg ósnortnir af henni. Vissulega líktust samt Gyðingar Grikkjum að sumu leyti. En það sem var líkt hjá báðum, var leyfar af